

# Fundargerð 899. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 11. júní kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri, Anna G. Björnsdóttir sviðsstjóri, Sigurður Ármann Snævarr sviðsstjóri og Guðjón Bragason sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Fundargerð 898. fundar - 2101077SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 898. fundar stjórnar sambandsins frá 28. maí 2021.

*Fundargerðin staðfest og verður hún undirrituð á næsta fundi stjórnar.*

### 2. Jónsmessunefnd - 2101016SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 26. maí 2021.

*Stjórnin leggur áherslu á að hraða vinnu við verkefni um endurskoðun fyrirkomulags við innheimtu útsvars og þóknun sem sveitarfélög greiða fyrir innheimtuna.*

### 3. Breytingar á verkefnisstjórn um úrgangsmál - 2009015SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 9. júní 2021, um tilnefningu aðalmanns og varamanns í verkefnisstjórn um úrgangsmál.

*Stjórnin samþykkir tillögu að breyttri skipan verkefnisstjórnar. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU bs. tekur því sæti sem aðalmaður í verkefnisstjórn. Einnig taka sæti sem varamenn Rut Jónsdóttir forstöðumaður umhverfis- og sorpdeildar Akureyrarbæjar og Guðmundur Tryggvi Ólafsson rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU.*

### 4. Skólaþing sveitarfélaga 2021 - 2012039SA

Lagt fram minnisblað Svandísar Ingimundardóttur, skólamálafulltrúa á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Þórðar Kristjánssonar, sérfræðings á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, dags. 31. maí 2021, um skólaþing sveitarfélaga.

*Um er að ræða tímamótþing því á þessu ári eru liðin tuttugu og fimm ár frá yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaga. Tilfni er því til að ræða hvernig til hefur tekist á þeim tíma sem liðinn er en heilt yfir má fullyrða að skólastarf hafi þróast*

mikið á þessu tímabili og stöðugt bætast við nýjar áskoranir sem þarf að sammælast um hvernig skuli mæta.

Stjórnin er sammála þeim áherslum sem fram koma í minnisblaðinu um umfjöllunarefni á skólaþingi, þar sem lögð verður áhersla á að ræða hvernig við viljum sjá skólastarf þróast í framtíðinni. Sveitarstjórnarmenn eru hvattir til að taka 8. nóvember frá og mæta sem flestir á þingið.

Stjórnin felur jafnframt formanni og framkvæmdastjóra að undirbúa viljayfirlýsingu sem undirrituð verði á skólaþinginu 8. nóvember um að hrinda í framkvæmd heildstæðri úttekt með það að markmiði að ná yfirsýn yfir þær breytingar sem orðið hafa frá yfirfærslu og leggja mat á áhrifin á umgjörð skólastarfs. Nánari útfærsla og afmörkun verkefnisins, ásamt gerð verk- og kostnaðaráætlunar fari fram í samtali milli mennta- og menningarmálaráðuneytis, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og sambandsins. Gert er ráð fyrir að úttektin verði unnin á árinu 2022.

#### **5. Staða þingmála á vorþingi - 2010023SA**

Guðjón Bragason sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs fór yfir stöðu þingmála við lok vorþings. Fyrir fundinum lá vinnuskjal með yfirliti um stöðu helstu þingmála sem varða sveitarstjórnarstigið, dags. 10. júní en þar sem Alþingi er enn að störfum kann staða einhverra mála á yfirlitinu að breytast.

#### **6. Nefndarálit og breytingartillögur við frumvarp um lágmarksíbúafjölda o.fl. - 2101078SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. júní 2021, um nefndarálit og breytingartillögur við frumvarp um lágmarksíbúafjölda o.fl.

#### **7. Niðurstöður sameiningarkosninga og staða frumvarps um lágmarksíbúafjölda - 2101078SA**

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 8. júní 2021, um niðurstöður sameiningarkosninga og staða frumvarps um lágmarksíbúafjölda.

Stjórnin óskar Þingeyingum til hamingju með niðurstöðu sameiningarkosninga 5. júní sl.

#### **8. Tilnefning í vatnaráð - 2105016SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 26. maí 2021, þar sem Sigrún Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, er tilnefnd til áframhaldandi setu í vatnaráði, og Sigurjón Þórðarson, framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem varamaður.

#### **9. Tilnefning í ráðgjafarnefnd náttúruminjasrá - 2105026SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 27. maí 2021, þar sem Guðrún Áslaug Jónsdóttir, yfirverkefnastjóri Austurbrúar í Neskaupstað, Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins og Ragnhildur Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Svæðisgarðsins á Snæfellsnesi, eru tilnefnd til áframhaldandi setu sem aðalmenn í ráðgjafarnefnd náttúruminjasrá. Jafnframt er Berglind Sigmundsdóttir,

framkvæmdastjóri Kötlu Geopark, tilnefnd til áframhaldandi setu sem varamaður allra fulltrúa sambandsins í nefndinni.

**10. Tilnefning í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs - 2105032SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 31. maí 2021, þar sem Helgi Arnarson, sviðsstjóri fræðsluviðs Reykjanesbæjar, og Valgerður Janusdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Akraneskaupstaðar, eru tilnefnd í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

**11. Tilnefning í verkefnisstjórn um endurskoðun á skipulagi og rekstri Innheimtustofnunar sveitarfélaga og flutning starfseminnar til ríkisins - 2105038SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 31. maí 2021, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í verkefnisstjórn um endurskoðun á skipulagi og rekstri Innheimtustofnunar sveitarfélaga og flutning starfseminnar til ríkisins.

**12. Tilnefning í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2021-2024 - 2105018SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 31. maí 2021, þar sem Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál 2021-2024, og Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, til vara.

**13. Tilnefning í stýrihóp um verkefni um eflingu umhverfis- og loftslagsvænna nýfjórðingna á landsvísu - Græni dregillinn - 2103034SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 1. júní 2021, þar sem Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í stýrihóp um verkefni um eflingu umhverfis- og loftslagsvænna nýfjórðingna á landsvísu - Græni dregillinn, og Eygerður Margrétardóttir, verkefnisstjóri í úrgangs- og umhverfismálum á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

**14. Tilnefning í stjórn vinnustaðanámssjóð - 2106005SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. júní 2021, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefndur sem aðalmaður í stjórn vinnustaðanámssjóð, og Ellisif Tinna Víðisdóttir, lögfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

**15. Tilnefning í Æskulýðsráð 2021-2022 - 2106003SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 8. júní 2021, þar sem Guðbjörg Linda Udengard, framkvæmdastjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar, og Guðmundur Ari Sigurjónsson, bæjarfulltrúi í Seltjarnarnesbæ, eru tilnefnd til áframhaldandi setu í Æskulýðsráði 2021-2022.

**16. Umsögn um Ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland - 2105027SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 26. maí 2021, um ræktum Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland, mál nr. S-109/2021.

**17. Umsögn um Hvítbók um byggðamál 2018-2024 - 2011055SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 27. maí 2021, um Hvítbók um byggðamál - drög að stefnumótandi byggðaáætlun til 15 ára og aðgerðaráætlun til fimm ára, mál nr. S-115/2021.

**18. Umsögn um frumvarp til laga um kosningalög - 2101025SA**

Lögð fram til kynningar viðbótarumsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 27. maí 2021, um kosningalög, 339. mál.

**19. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Íslands - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna - 2105008SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 27. maí 2021, um tillögu til þingsályktunar um barnvænt Íslands - framkvæmd barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 762. mál.

**20. Umsögn um tillögu að breytingum á aðalnámskrá grunnskóla - 2105035SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 28. maí 2021, um endurskoðun aðalnámskrár grunnskóla, mál nr. S-113/2021.

**21. Umsögn um drög að reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng - 2106009SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 4. júní 2021, um drög að reglugerð um öryggiskröfur fyrir jarðgöng, mál nr. S-120/2021.

**22. Umsögn um drög að aðgerðaráætlun vegna stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna - 2106012SA**

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 7. júní 2021, um drög að aðgerðaáætlun vegna stefnu um tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna, S-121/2021. mál.

**23. Aðgerðaráætlun 2021-2025 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni - 2105006SA**

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til stofnana sveitarfélaga, dags. 3. júní 2021, um aðgerðaáætlun 2021-2025 um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni, sbr. þingsályktun, nr. 37/150 - Hlutverk skólaskrifstofa, skóla og annarra stofnana sveitarfélaga og stuðnigur við aðgerðir. Einnig lagt fram til kynningar bréf forsætisráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga, dags. 28. maí, til allra sveitarstjórna vegna þingsályktunar um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundnu ofbeldi og áreitni.

**24. Skýrsla um mat á þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda - 2010046SA**

Lögð fram til kynningar skýrsla um mat á þróunarverkefni samstarfsráðs um stoðkerfi við starfsþróun kennara og skólastjórnenda, dags. 1 febrúar 2021.

**25. Þörf á aðgerðum til að styðja aðila skólasamfélagsins við meðferð eineltismála - 2104051SA**

Lagt fram til kynningar bréf Embættis umboðsmanns barna, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Grunns, félags fræðslustjóra og stjórnenda skólaskrifstofa, Félags grunnskólakennara, Skólastjórafélags Íslands og Heimilis og skóla, landssamtaka foreldra, dags. 7. júní 2021, um þörf á aðgerðum til að styðja aðila skólasamfélagsins við meðferð eineltismála.

Fundi var slitið kl. 13:30

---

Aldís Hafsteinsdóttir

---

Heiða Björg Hilmisdóttir

---

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

---

Eypór Laxdal Arnalds

---

Gunnar Einarsson

---

Guðmundur Ari Sigurjónsson

---

Rakel Óskarsdóttir

---

Bjarni Jónsson

---

Kristján Pór Magnússon

---

Jón Björn Hákonarson

---

Ásgerður Kristín Gylfadóttir